

Aðalfundur SÍSL 26. apríl 2013.

Mætt eru: Vilborg Jónsdóttir, Jóhann Moavek, Jóhann Stefánsson, Helga Björg, Jarl, Þorvaldur, Snorri, Einar Jónsson, Össur, Jóhann Björn, Halldór, Eyþór, Gestur, Martin, Karen, Ingi Garðar, Harpa, Margrét.

Vilborg býður alla velkomna og leggur til að Margrét verði ritari og Jóhann Moavek verði fundarstjóri. Það er samþykkt.

1. Skýrsla stjórnar. Vilborg les. Engar spurningar um skýrsluna.

Umræða : Jóhann M. ræðir tillögur stjórnar að lagabreytingum og leggur til að þær verði sendar fyrir næsta aðalfund. Össur spyr hvort það þurfi svo margir að vera í stjórninni? Td. ef ákv. sjái um landsmót, nótnaútgáfu og fleiri verkefni. Hvort ekki sé betra að fólk sé skipað í verkefni svo öll vinnan lendi ekki á þeim sem eru í stjórn. Vilborg segir að þeir sem eru í varastjórn verði að vera virkir og taka fullan þátt í starfinu, ekki gangi upp að vinnan lendi á fáum. Einn datt úr stjórninni Baldur og því hafi mikið mætt á fráfarað stjórn. Karen var kölluð inn úr varastjórn.

Jóhann Bj. spyr hvort ekki sé hægt að kalla inn einhvern af þeim sem hér eru til vinnu hvenær sem er ef vantar fólk til starfa og telja fundarmenn það sjálfsagt.

2. Skýrsla LÆ. Vilborg les.

Umræða: Össur segir að ekki sé minnst á LÆ í Nótunni. Brass fanfare eftir Tryggva Baldvins frumflutt á Nótunni. Ingi Garðar talar um gjörning í Stykkishólmi sem LÆ tók þátt í. Mætti bæta þessum atriðum inn í skýrsluna. Vilborg skoðar það. Halldór spyr: Erfitt er að fá fólk frá Akureyri til að taka þátt í LÆ, var það vegna kostnaðar eða annars? Búið var að tala um að nem. fengu styrk til að koma utan af landi. Margt var í gangi á Akureyri á sama tíma og æfingahelgarnar voru, en Ingi Garðar telur að næst verði meiri áhugi á að vera með. Hljómsveitin sé að mótast sem hópur, fólk er að kynnast og vintengsl að myndast. Össur leggur til vegna Akureyringanna og annara, að setja ætti viðmið vegna mætinga, ef þú mætir ekki á fyrstu æfingu og hafir ekki löglega afsökun þá verðir þú ekki með. Einar þakkar Inga Garðari vel unnun störf og talar um hve mikilvægt það sé að einhver hafi hugrekki til að taka þessari vinnu af alvöru og koma inn með nýja pósta. Passa samt að tréð verði ekki útundan þar sem mikið hefur verið gert með brassið. Jóhann M. spyr um styrk frá Ýli sem LÆ sótti um en fékk ekki. Vilborg svarar að seint hafi verið sótt um, en nú er búið að undirbúa jarðveginn fyrir umsókn fyrir næsta styrk og líklegt er að sá styrkur fáiast.

Skýrslur stjórnar og LÆ samþykktar.

3. Endurskoðaðir reikningar. Jóhann Stef les.

Spurningar: Halldór útskýrir af hverju svo margir bankareikningar eru tilheyrandi SÍSL. Sumir styrkir eru þannig að þú þarft að eiga fjármagn á móti, og sýna eignina. Þælingin var að skipta upp í nótnaútgáfu, landsmót, og fl. þannig að einn reikningur sé fyrir hvern flokk. Engin kostnaður vegna LÆ á árinu 2012. Jóhann Björn segir að nauðsyn sé að eiga sjóði en sjálfstæði SÍSL standi og falli með fjárhagslegu sjálfstæði. Eigum góðan að í bókhaldi sem Eggert í Vestmannaeyjum er,

fyrirverandi gjaldkeri. Jarl bendir á að fá fólk í sínum landshluta til að benda á og sækja um styrki á sínu svæði. Um að gera sé að sækja um, sérstaklega ef eithvað sérstakt sé í gangi í viðkomandi landshluta, landsmót, LÆ ofl. Jóhann M talar um þá hugmynd sem upp kom að vera með launaðan framkvæmdastjóra og skoðað var á sínum tíma, Össur vill að fjármunir séu notaðir til að styrkja starf lúðrasveita og talar um hagnað af landsmóti á Akureyri, á landsmót að vera ódýrara, eða áfram eins og nota gróða í laun fyrir stjórn. Vilborg bendir á að tap var á landsmóti á Selfossi þannig að ekki er hægt að treysta á hagnað af landsmótum. Einhversstaðar frá verða að koma fjármunir til starfsins og til eflingar samtakanna, nótnaútgáfa ofl. Jóhann S. segir að td. hafi draugaferðin með rútu á Selfossi verið mjög dýr á móti ókeypis ratleik á Akureyri.

Reikningar samþykktir ☺

4. Lagabreytingar eru engar nú á þessum fundi.
5. Stjórnarkosning:

Vilborg og Jóhann S eru tilbúin til að vera áfram, því vantar einn í aðalstjórn og framboð í heila varastjórn. Karen er tilbúin að koma inn fast í stjórnina. Engin mótframboð komu og stjórnin því kosin einróma með lófataki, Vilborg, Jóhann S og Karen.

Einar Jónsson býður sig fram í varastjórn og leggur til að Martin komi inn í varastjórn. Vilborg leggur til að Harpa komi í varastjórn. Í varastjórn verða því Einar Jóns, Martin og Harpa. Þessi skipan samþykkt með lófataki.

Skoðunarmenn reikninga: Jóhann Björn býður sig fram áfram og stingur upp á Halldóri. Önnur framboð koma ekki og þeir félagar því samþykktir með lófataki.

6. Árgjald næsta árs.

Á síðasta fundi var gjald hækkað úr 10.000.- í 12.000. Lagt til að gjaldið verði það sama og í fyrra.

Jarl spyr hvort gjaldið sé fast per skóli en ekki reiknað út frá fjölda nemenda eða stærð skóla en telur gjaldið ekki hátt og er vel tilbúinn að borga það. Gjaldið er ekki reiknað út frá stærð sveita, er fast gjald á hverja sveit/skóla.

Samkvæmt skipun fundarstjóra var samþykkt að gjaldið verði óbreytt kr. 12.000.- fyrir næsta ár.

7. Önnur mál:

Landsmót. Vilborg ræðir skiptingu milli lita í sveitir á landsmóti. Mótið á Akureyri var mjög stórt, fjölmennt, en á Selfossi var mikill munur milli elstu og yngstu nemenda. Hvar verður næsta landsmót? Samvinna með SÍL eða LÆ? Margar hugmyndir í gangi.

Halldór spyr hvort ekki verði mót vor 2014. Það verður líklega eldra mót. Össur vill að yngri sveitirnar verði nær Reykjavík en eldri krakkarnir. Auðveldara að ferðast langt með eldri krakkana. Margir sem eru að fara til útlanda með sveitirnar sínar og og því erfitt að fara með á landsmót utanlandsferð að vori. Auðveldara að fara með eldri sveitir á landsmót að haust og þau yngri færu að vori. Halldór er vel til í haustmót áður en veður verða of slæm.

Skipting á landsmót er erfið því eins og kerfið er núna eru AB mótin allt of stór, fáir sem geta tekið á móti svo stórum hópum.

Vilborg leggur til þrískiptingu: Þeir sem lengst eru komnir í námi færú í hóp með LÆ. Hægt að hafa fyrirlestra og fl. ekki beinlínis mót heldur margt fleira gert. Skipt yrði í A mót, B mót og C mót. Með þessu færðust einhverjir af elstu krökkunum af AB mótum yfir á C mót og þá jafnast út fjöldinn.

Össur segir að sú skipting á landsmótum sem verið hefur gangi mjög vel fyrir AB mótin en fyrir eldri krakkana sé þetta ekki alveg að ganga. Krakkarnir hafi metnað og ekki verið nógu ánægð með það sem gert var td. í Mosfellsbæ. Á móti kemur að þeir sem eru í litlum sveitum upplifa á svona móti að spila í svo stórri fullskipaðri sveit. Jarl segir að gott sé að krakkarnir spili með öðrum og kynnist öðrum hljóðfæraleikurum. Össur segir að sumir geti komið fram í sínum hóp og aðrir í með öðrum. Eitthvað þarf að finna fyrir elstu krakkana að gera á landsmótum sem gerir það spennandi að fara á landsmót. Jóhann M leggur til hugmynd hvort krakkar utan af landi gætu valið sér eina af stóru sveitunum til að spila með, fengju nótur fyrirfram og mættu á æfingar. Helga Björg vil nota peninga sem til eru til að setja í CD mót. Gera eitthvað spennandi og allt annað, skoða til dæmis hvað gert er í Gautaborg. Einar talar um mótið í Mosó.... hvort menn vilji svipað skipulag. Össur leggur til workshop með flottum spilurum til dæmis Mnosil brass, spila í stórri hljómsveit, Tryggvi kenna að semja eða hvað sem er fleira, bara að krakkarnir geti valið um ýmislegt til að gera. Vilborg vill að næsta mót, vor 2014 verði B sveitarmót. Ákveða þarf hvar mótið verður og passa að einhverjir komi ekki með alla sína heldur fylgi þeirri skiptingu sem ákveðin verður. Margir séu með miðjuspilara, fáa byrjendur og fáa lengra komna. Á hausti verði B hópur og að vori allir, og þá geta þeir yngstu ásamt byrjendum í a komið með. Jóhann M segir að þetta þurfi að skoða vel því erfitt sé að taka út úr sveitum þá sem passa á landsmót og skilja hina eftir. Þarf að kynna þetta vel. Eyþór er ekki með hljómsveit og kann vel við það kerfi að allir geti verið með en vill að krakkarnir hafi eitthvað til að stefna að, komast upp á milli sveita. Eyþór spyr hvort hægt sé að hafa stærra svæði undir landsmót, allt Reykjanes, eða suðurland... þátttakendur verði dreifðari þá er minna mál að taka á móti stórum hóp. Jóhann S segir að það verði að reikna allt út mjög nákvæmlega áður en hægt er að ákveða hvað kostar á landsmót. Össur leggur til að fólk verði látið borga snemma, í janúar og hækka gjaldið eftir því sem nær dregur móti til að fá staðfestan fjölda. Ingi Garðar spyr hvort ekki sé óþarfi að fara með A krakka á landsmót, þau séu of ung en fundarmenn taka ekki undir það, segja mótin mikla vítamínsprautu fyrir krakkana og þau lifi á þeim lengi. Stóru mótin hafa komið út í gróða og lítil mót verið erfiðari fjárhagslega. 400 manna mót á Hornafirði kom ágætlega út. Jarl leggur til að fólk þurfi að opna hugann vegna æfingastaða og tónleikastaða. Þarf ekki pluss á staðinn. Þó verða að vera takmörk sbr. Glerártorg með rykinu.

B sveitarmót, er það áhugavert? Sveitir sem eru blandaðar BC gætu komið en C sveitir ekki. Jóhann M telur að auðveldara sé að vera með mót þar sem aldurskiping er ekki mikil, Vilborg segir krakkana eiga auðveldara með að kynnast ef sveitirnar eru ekki of stórar. Jóhann Björn leggur áherslu á félagaskrá. Össur spyr hvort fjöldi þátttakanda að stjórna skiptingu á landsmót, eða annað faglegra. Telur AB mótin hafa virkað vel og er ekki alveg tilbúinn til að breyta þeim bara vegna fjölda. Hafa mótin þar sem hægt er að taka á móti svo mörgum, jafnvel að skipta hópnum upp í fleiri minni sveitir. Vilborg vill að CD hópurinn verði greinilegri frá öllum hinum og þau elstu frá AB verði þó með. Margir telja að lítið mál sé að skipta sveitum þeirra upp svo þær passi inn í þetta módel. Jóhann S segir að passa verði að aðstaða sé góð þar sem landsmót verður haldið, gott mótuneyti og ekki mikið labb á milli staða. Össur minnst á að ef þrjú ár verði á milli móta sé alveg möguleiki á að krakkar missi af því að komast, falli á milli móta. Viljum við skipa í

þrennt og vera með 3 mót, eitt á hverju ári, öll þrjú á einu ári eða hvað? Erfitt að breyta, en ef mót væri á hverju ári væri einhverjir sem ekki færu nema kannski annað hvert ár og þá myndi fækka á mótinu. Hvað gætu hugsanlega verið margir á BC móti næsta vor 2014? Jóhann Björn spyr hvort fjórðungsmót sé eitthvað sem mætti skoða? Þau yrðu þá öllum opið en mesti fjöldinn yrði samt sem áður á sama staðnum. Ekki mikil starfsemi í sumum fjórðungum og því erfitt í framkvæmdum.

Hlé á fundi, hádeginmatur ☺

Orðið enn laust varðandi landsmót, skiptingu og fleira varðandi þau. Fjöldi móta og sfrv. Hvar væri hægt að halda mót vor 2014? Akranes, Ísafjörður, Höfn, Grindavík, Selfoss, Blönduós, Neskaupstaður og Stykkishólmur koma upp í huga fundarmanna.

Kópavogur eiginlega nennir ekki að hafa mót, of lítið upp úr því að hafa miðað við vinnu. B sveit vill í ferðalag, þó ekki sé það langt, yngri krakkar hafa alveg eins gaman að gista í skóla þó ekki sé löng rútuferð, þau eldri vilja lengra ferðalag.

Vilborg leggur til B mót 2014 næsta vor og A mót á Reykjavíkursvæðinu líka. Annað kannski fyrir páska og hitt eftir páska og haustið 2014 C mót með LÆ þó með öðru sniði en mót hafa verið undanfarið. Einar vill fá ákveðna dagsetningu sem fyrst vegna gerðar skóladagatala og margar helgar sem þarf að taka frá. Össur tekur undir með Einari, þanta þarf hús og annað með góðum fyrirvara. Össur er ekki sannfærður um að til bóta sé að breyta skiptingum, mætir þó að sjálfsgöðu á landsmót hvernig sem þau verða. Hefði viljað sjá meira fjallað um elstu sveitirnar þar sem AB sveita kerfið hefði verið gott. Ingi Garðar vill láta skoða meira með annað að gera með elstu krökkunum, skoða hvort möguleiki sé á að Mnozil brass gæti komið, janfvel í tengslum við Listahátíð. Vilborg leggur til að 5.-6. apríl verði B mót og 3.-4. maí A mót. Þannig geta þeir sem byrja að hausti tekið þátt í móti í maí. Spurning hvort þetta rekist allt saman við fermingar. Spurning hvort þetta verði lagt í atkvæði en talið betra að senda út fyrirspurn með tölvupósti þar sem menn eru ekki með dagbækur sínar við höndina. Þarf líka að skoða hvenær Nótan er næsta vor. Ef keyptir verða til landsins einhverjir eins og td Mnozil brass þá verði þeirra dagskrá látin ráða dagsetningum á móti. Verði jafnvel í samvinnu við aðra aðila, sífó, FÍH og fleiri sem koma til greina, halda opinbera tónleika, masterclass, ofl. Ingi Garðar leggur til að settur verði saman hópur þeirra sem eru með C sveit til að ræða mál C móta og skipulagningu. Í þeim hópi eru Össur, Daði, Einar, Helga, Karen, Vilborg, Kári, Jarl. Tekið jákvætt í það og þarf stjórn að sjá til að það verði skipulagt.

Er fundurinn sammála því að hafa B mót og sér A mót? Jóhann M er samþykkuur því en Jóhann Björn hefur áhyggjur af fjárhagsstöðu og biður fólk að fara varlega. Einar er efins, hve stórt þarf mót að vera, er ekki alveg tilbúinn til að segja já án meiri upplýsinga. Össur er ekki sannfærður um að þetta sé það besta, kostnaðaráætlun er auðvelt að gera alveg sama hve mótið er stórt. Engin fastmótuð hugmynd komin fram en telur að skoða þurfi vel áður en breytt verður, ekki breyta bara til að breyta. Einar vill að gróði komi af landsmóti, Jóhann Björn telur að passa þurfi sjóði SÍSL. Halldór, talar um kreppu á Akranesi, nótur dýrar í innkaupum, og því mikilvægt að SÍSL sé í nótnaútgáfu. Vilborg telur að ef mótin eru aðeins minni en hingað til, auðveldi það skipulag og minni líkur á ófyrirséðum kostnaði, það sem lítið ber á geti verið mjög dýrt td. rúta á milli skóla. Jóhann M spyr hvort hægt verði að vera með stór mót annað slagið, kannski á 5-10 ára fresti.

Einar talar um hvort ekki ætti að breyta litaskipulagi eldri sveita, ekki hafa gult, rautt og blátt, þe. sömu liti og á AB mótum. Það rugli allt að hafa litina eins, bæta inn fjólubláum og fleira til að auðvelda aðgreiningu sveita. Lagt til að þetta verði unnið samferða skipulags móta C sveita.

Málið tekið af dagskrá.

Össur kynnir jólabókina, Jólalögin mín. Upphaflega bara hugsað til notkunar innanhúss í Skólahljómsveit Kópavogs en hefur undið upp á sig. Margir þekkja heftin, er svipað efni og þau. Fór í Tónastöðina fyrir síðustu jól og fyrir næstu jól verða væntanlega komnar bækur fyrir öll hljóðfæri. Bækurnar eru hugsaðar til kennslu og ganga því ekki saman í tóntegundum milli hljóðfæra. Fundarmönnum lýst vel á og fagna þessu framtaki.

Jóhann Björn: Vill varpa fram þeirri hugmynd þar sem til er eitthvað af peningum að gaman væri að geta ráðið framkvæmdastjóra í hálfri stöðu í eitt ár. Hálf staða gæti kostað 3-5,2 milljónir fyrir árið. Vanda þyrfti valið mjög vel, biður fundarmenn að hugsa málið, hvort þetta væri ekki eitthvað sem kæmi félaginu vel. Framkvæmdastjóri myndi ma. vinna við að sækja um styrki, skipuleggja mót og fl. Erfitt starf að vinna launalaust og er tímafrekt. Össur veit vel af eigin reynslu hve mikil vinna það er að vera í stjórn sísl en telur óraunhæft að setja þetta mikla upphæð í framkvæmdastjóra SÍSL. Þó hefur það verið skoðað að hafa sameiginlegan framkvæmdastjóra fyrir SÍL, SÍSL, kórasambörnd og fl. en það var talið óraunhæft. Telur því ólíklegt að raunhæft sé eða borgi sig að ráða framkvæmdastjóra en mætti etv. greiða stjórn laun eftir kostum. Ingi Garðar spyr hvort ekki mætti ráða fólk á álagstímum, gæti verið betra fjárhagslega en fundarmenn telja það ólíklegt. Jóhann M vekur athygli á því að enginn kostnaður sé vegna ferða stjórnarmanna á fundi, og telur það sjálfsagt að þeir fái greitt fyrir þær svo stjórnin sé ekki að borga með sér í þessari vinnu. Hvetur alla viðstadda til að vera virkir og taka þátt í vinnu SÍSL ef stjórnin kallar eftir aðstoð.

Heimasíða: Ljóst að Baldur tók þá vinnu að sér í fyrra en ekkert varð úr þeirri henni, því þarf að koma þeirri vinnu í gang. Skoða hvort hægt sé að hafa mismunandi aðgang fyrir mismunandi skóla, td. vegna nótnakaupa. Jóhann Björn fer fram á leyfi stjórnar til að ræða við tvo aðila vegna heimasíðunnar og fær það. Ætlar að vera í sambandi við stjórn með niðurstöður úr því.

Össur: Nýting fjármuna, hjálpa hljómsveitum að halda tónleika í Hörpu, kynningarstarf, nótur og fl. Össur vill að eitthvað verði gert sem verði öllum lúðrasveitum í landinu til góða. Einar leggur til að gerð verði heimildarmynd um lúðrasveitirnar. Vilborg leggur til stjórnendanámskeið. Jóhann M leggur til að rætt verði við Eggert til að skoða hugmyndir hans um að fastmerkja sjóði ákveðnum verkefnum. Vel tekið í hugmyndina um heimildarmynd, selja myndina fyrirfram til RÚV, Ingi Garðar segir frábært ef hægt væri að hafa myndina þannig að hún sé ekki bara hrátt efni heldur hægt að senda á hátíðir erlendis. Valda þarf vel valið á þeim sem yrði enginn í þetta verkefni. Tala við nokkra og fá tilboð. Ingi Garðar nefnir nokkur nöfn aðila sem eru í þessum bransa. Einar leggur til að hafa stjórnendanámskeið fyrir elstu krakkana. Þurfum að fá fleiri inn vegna framtíðarinnar. Ingi Garðar leggur til að setja mætti saman lítinn hóp, minni en LÆ, sem færi um og spilaði í skólum til að kynna. Sýna grósku og starfsemi og hve sterkt starfið okkar er. Hægt að rótera krökkum, hægt að vera með hóp á launum að sumri og fara á sumarnámskeið.

Vilborg óskar eftir uppástungum um vegna nótnaútgáfu. Einar vill eitthvað auðvelt, sumarlegt, íslenskt, passandi í göngumöppu. Vilborg ræðir að of seint hafi verið byrjað með útsetningar fyrir

landsmót, þarf að gera þetta fyrr og væri gott að fá hugmyndir frá stjórnendum um hvaða lög verða útsett. Yfirleitt verið 1-2 lög á hverja sveit. Össur minnti á skiladag sem ákveðinn var og spyr hvort nauðsyn sé að útsetja fyrir hvert landsmót, ef farið er td. 3 ár aftur í tímann er hægt að nota aftur þar sem nýir nemendur eru komnir í sveitirnar. Ingi Garðar mælir með að Ég á líf sé útsett ☺ Jóhann björn talar um söfn af lögum sem hægt væri að nota á sumardaginn fyrsta, sjómannadaginn og svo frv.

Össur: Vill að nótnaútgáfan verði opnari, þá væri auðveldara að selja td. til útlanda. Telur a' skila eigi stefgjöldum af útsetningunum. Það þarf að skoða. Eins að greiða á stefgjöld af tónleikum ef við látum borga inn, hvort ekki væri betra að vera með allt upp áborðinu og skila inn öllum þeim gjöldum sem okkur ber. Jóhann M leggur til að stjórnin skoði þetta með stefgjöld.

Einar: Telur margt enn vera óljóst. Er heimasíðan á einhvers höndum, nótnanefndin er hún virk, LÆ hver sér um það og fleira. Ef Ingi garðar vill vera áfram í LÆ þá væri það gott og að hann fengi einhvern þræl til að vinna með sér. Vilborg leggur til að einhver sem ekki er á þessum fundi, kennari sem þekkir til, verði fenginn til að starfa með Vilborgu og Inga Garðari að málum LÆ. Einhver sem passar með þeim vinnulega séð. Vilborg og Ingi Garðar halda fund og ræða málið. Nótnanefndin: Össur til í að starfa áfram, mesta vinnan sé að baki. Einar og Karen eru líka til í að vera áfram í nótnanefnd. Ef fleiri vilja vera með í þeirri vinnu þá eru þeir velkomnir.

Jóhann M: Passa að skipuleggja fundartíma miðað við þarfir fundarmanna utan af landi. Erfitt að koma á fund á þessum degi þar sem tónleikar og fl. eru á sumardaginn fyrsta og til að komast á fundinn þarf að leggja af stað daginn áður. Biður allavegana um að ekki sé fest að hafa fundinn á föstudegi efir sumardaginn fyrsta.

Vilborg segir að ef halda á landsmót í apríl á næsta ári sé kostur að hafa aðalfund fyrr á árinu, vegna skipulags á mótinu og fl. Endalaust erfitt að finna tíma sem hentar öllum.

Fundi slitið.

Álftanesi 26. apríl 2013

Margrét B. Sigurbjörnsdóttir

Stjórnarfundur SÍSL – Fundargerð nr.1, 14.maí 2013

Fyrsti fundur ný stjórnar haldinn á heimili Vilborgs kl. 20:00

Viðstödd voru: Vilborg Jónsóttir, Jóhann Stefánsson, Karen Sturlaugsson, Harpa Jóhannsdóttir og Einar Jónsson. Martin Markvoll í síma.

Væri best að skipta verkefni á milli okkur:

t.d. vefsíðan, LÆ, ...

- Einar tilbúinn að taka vefsíðan að sér
- Vilborg og Harpa vilja vinna með Inga Garðar í LÆ
- Jóhann er gjaldkeri
- Þá lítur út fyrir það að Karen þarf að vera ritari!

Helstu verkefni okkar:

- LÆ
- Landsmót
- Nótur
- Endurnýja netfangalista / SÍSL lista

Landsmót

B-mót á Stykkishólmi?

A-mót nær Reykjavík?

Mótsgjöld: skýr áætlun. t.d. mótsgjöld hækka þegar nær dregur mótinu.

Samskipti:

- vantar rétt netfang
- og bara 1 netfang er leyfð á vefsíðu okkar núna
- best væri að allir stjórnendur fái aðgang – ekki bara hver hljómsveit.
- nota Facebook? Eða kannski bara góða heimasíða með tenging inn á facebook

Nótan verður sunn. 23. mars 2014 og svæðistónleikar laug. 18. mars 2014.

Dagsetningar fyrir Landsmót SÍSL:

B mót: 4.- 6. apríl 2014 á Stykkishólmi

- 300 manns alls
- 6.-8. bekkir: 3. árs + → grunnpróf
- Hringdum í Martin:
 - o 10 kennslustofur í grunnskólanum og svo tónlistarskólinn
 - þarf að telja stofur betur og fá stærðir á þeim
- Activity: sigling
- Hver getur séð um matinn?
- Foreldrafélagið fær 1.000 kr. á mann

A mót: 2.-4. maí 2014

- hvar? Hver er með nóg pláss til þess?? Nálægt Reykjavík
 - o Seltjarnarnes*
 - o Grafarvogur*
 - o Akranes*
 - o Þorlákshöfn

- Garður
- Sandgerði
- Grindavík

C/D mót: haust 2014

- Vantar hugmyndir!
- nemandur þurfa að fá innblástur
- námskeið?? nemendur velja
 - t.d. Vilborg: lærði slökun í Tónó
- námskeiðsform?? hópefling (t.d. þegar Styrmir fór í klappleiki)
 - vantar hugmyndir fyrir hluti sem þau hafa ekki gert/hafa ekki aðgang að/hærra plann
- væri líka hætt að hafa tónleikar þar sem hljómsveitir spila.
- hvar??
 - heimavistaskólar?

LÆ

1. Krakkar út á landi fá ferðastyrk?

Auglýsum: „möguleiki á að sækja um ferðastyrk“ – vitum aldrei hversu margir munu sækja um.

Þarf að athuga miðað við allir krakkar eru að keyra: t.d. úr Reykjanesbæ eða Selfoss

a, Elía frá Fásk.firði fær styrk núna: kom alltaf. ca. 20.000 kr. hver skipti. Vilborg búin að fá einhverjir kvittunir (64.230 kr.)

Borga 50.000 kr. í styrk samþykkt.

2. 15/16 – 25 ára

miðpróf

3. Vantar stundum reglugerð!

Reglur:

1. Mæta
2. Ef þú ert byrjuð þá ertu með.

4. Borga Inga Garðar?

Við fengum 100.000 kr. frá Tectonics. Borga Inga það?

Ingi var með: 3 æfingar f/Tectonics og sá alveg um samskipti við Ilan. Og svo var hann með æfingahelgi í jan.2013.

Borga Inga 200.000 kr. samþykkt

Heimildamyndagerð

Ingi og Snorri

Ekki fleira rætt og fundi slitið.

Karen J. Sturlaugsson

Stjórnarfundur SÍSL – Fundargerð nr.2, 22. ágúst 2013

-haldinn á heimili Vilborgs kl. 17:30

Viðstödd voru: Vilborg Jónsóttir, Jóhann Stefánsson, Karen Sturlaugsson, Einar Jónsson og Martin Markvoll.

Væri best að skipta verkefni á milli okkur:

Einar: uppfæra heimasíða
Martin: Landsmót B sveitir
Vilborg: formaður og LÆ
Harpa: Uppfæra félagsslista og LÆ
Jóhann: gjaldkeri
Karen: ritari

LÆ: Ingi Garðar, Vilborg, Harpa
Nótnanefnd: Össur, Einar, Karen

Nótnaútgáfa:

Vilborg er með Þursafóninn og Spilverk tilbúið til prentunnar.

Einar tekur við.

En spurning með C/D útgáfur:

-hver ætti að fá?

hugmyndir:

Selfoss
Skólahljómsveit Kópavogs
Skólahljómsveit Austurbæjar
Skólahljómsveit Vesturbæjar
Skólahljómsveit Grafarvogs
Skólahljómsveit Árbæjar – Breiðholts
Reykjanesbær
Mosfellsbær
Akranes
Akureyri
Höfn
Stykkishólmur
Seltjarnarnes

13 samtals – prentum 15 partíturar

- Setja partar inn á vefsíðu. Prentum partítúr

Hvað ætti að kostar?

- samkvæmt gjaldskrá sem var sett upp ca. 200/2009:

○ A sveit	3.000 kr.
○ B sveit	4.000 kr.
○ C sveit	5.000 kr.
○ Syrpur	7.000 kr.
○ Stærri pakar	15.000 kr. (eins og jólabækur frá Martini)

Vefsíðan

Hvar erum við stödd: Malcolm vildi hætta. Svo ætlar Baldur að vinna í þessu – að finna einhver til að taka þetta að sér. Ekkert úr því. Einar er í sambandi við einhver sem er að skoða þetta.

Nauðsynlegt að koma þetta í lag. Við þurfum að flytja gögnin á næstunni – t.d. nótur.

Landsmót

B-mót á Stykkishólmi

A-mót: komin áhugi hjá Garði og Grindavík. Karen kannar þetta

C/D mót (2014-2015):

Vilborg: vill geta boðið upp á betri aðstæður fyrir C/D nemendur

Hvar þá?

-Laugarvatan?

nóg pláss

-En þarf að vera maí/júní

Hugmyndir um námskeið:

- Mnozil Brass
- Carly(?) trompet og fjölskyldan
- Samúel Jón Samúelsson
- Stjórnandanámskeið: alltaf einhver sem er hjá SÍ
- útsetningar
- kynning á tölvuforrit

*Væri fínt að gera könnun til að fá hugmyndir fyrir C/D:

- tímasetning
- formið
- hugmyndir fyrir kursar

*Senda út staðfesting fyrir B-Landsmót

*Útbúa bréf – formlega beiðni til að bóka Landsmót

*Vantar uppfærð lista stjórnendur/skólar

*A Sveit: Karen heyrir í Grindavík og Garði

*Símafundur:

755-7755 og svo SÍSL# 747-5123

Símafundur: miðvikudaginn 11. sept. kl. 9

Fundi slitið kl. 19:30

Karen J. Sturlaugsson

Stjórnarfundur SÍSL – Fundargerð nr.3, 11. september 2013

-símafundur kl. 9:00

Vilborg Jónsóttir, Jóhann Stefánsson, Karen Sturlaugsson, Harpa Jóhannsdóttir, Einar Jónsson og Martin Markvoll.

1. Landsmót

A. B Landsmót 4.-6. apríl á Stykkishólmi

1. Bréf til bæjarins
Martin og Vilborg eru að vinna í þessu. Vilborg skrifar undir og sendir á Martin og hann kemur þessu áfram.
Hvaða haus? SÍSL – við erum að halda mótið
2. Hvað er næst?
Fjöldinn? Við þurfum að ákveða dagsetningar fyrir:
Forskráning
Borga skráningagjald (í janúar?) – kannski 5.000 kr.?
Svo borga restin fyrir vissu dagsetningu – og hækka eftir því sem seinka.
Excel skjal
Nótur
Mótsblað
Mótsgjald? (Mótgjaldið á Akureyri var 14.000 kr.)
Kostnaður
matur
ball: hljómsveit
hljóðkerfi
bolir
1.000 kr. á mann til foreldrarfélagið
borga fyrir húsnæði?
skemmtun

B. A Landsmót 2.-4. maí í Grindavík

1. Hugsanlega 400 börn – þá vantar 4 salir + 1 (fyrir slagverk) sem má vera aðeins minni
2. Grindavík vill halda mót
3. Vilborg, Jói and Karen fara í heimsókn sem fyrst

C. Nótur

1. Væri flott að fá ný lög í kringum mót
2. 3-4 ný lög á hverju mót
3. Eitthvað frá staðnum? ekki endilega
4. Útsetjarar?
5. LHÍ namar? ekki núna
6. vantar samt að vita hver er að útsetja
Karí, Jói St.,
7. **Nótnanefnd hittast og finna lög og útsetjarar
Mikil vinna að fara yfir. Á nefndin að fá borgað?
8. Vilborg sendi 2 lög (Þursafóninn og Spilverk) til Einars í gær (10.9.13)

2. LÆ

1. Dagsetningar:

8.-10. nóv.

3.-5. jan.

21.-23. feb. (tónleikar sunn. 23. feb.)

Hvar á að halda tónleikar?

Hörpuhornið? Þarf að athuga sem fyrst með dagsetning

Allir þurfa að vita dagsetningar sem fyrst!

2. STS þing 26. sept.:

Vilborg mun kynna LÆ fyrir skólastjórar landsins

3. Önnur mál:

1. Einar sendi inn erindi um nauðsyn að vera í betri sambandi við aðrir – allir með tónleikar á sama tíma s.l. vor!

i. t.d. nota Facebook: Tónlistarviðburðir á Íslandi

2. SÍSL g-mail: notum svo við vitum að þetta er frá SÍSL nefndinni – ekki persónulegt

i. sislstjorn@gmail.com (password: sisl2009)

3. Notum Facebook?

i. Harpa ætlar að skoða það. Opna Facebook síðu fyrir LÆ og SÍSL (a.m.k. á meðan síðan okkar er ekki í lagi!)

Næsti fundur: miðv. 2. okt. kl. 9 Símafundur

Fundurinn slitinn

KJS



Stjórnarfundur SÍSL – Fundargerð nr.4, 2. október 2013

-símafundur kl. 9:00

Vilborg Jónsóttir, Jóhann Stefánsson, Karen Sturlaugsson, Harpa Jóhannsdóttir, Einar Jónsson og Martin Markvoll.

1. Landsmót

A. B Landsmót 4.-6. apríl á Stykkishólmi

1. Rætt um mat og hvernig ætti að undirbúa tilboð í mat.
2. Hljóðkerfi: þarf alveg örugglega í íþróttahúsi (tónleikastaðinn)
Ef vantar á æfingustað, þá nótum magnara og mikrófón
3. Hljómsveit/ball: þetta eru 10-12 ára þáttakendur
hvað með góður DJ?
Martin mun athuga
Harpa þekkir nokkrir í Reykjavík
Notum 1/3 af íþróttahúsinu fyrir ballið
4. Búin að panta allt
Vilborg sendi bréf og Martin hefur fengið munnlegt svar. Allt klárt með húsnæði

Íþróttahúsið verður vel nýtt: Æfingar, matur, ball
hægt að skipta í þrennt. Sjáum til hvernig það nýttast best

B. A Landsmót 2.-4. maí í Grindavík

C. Skráning: þurfum að senda bréf til að hvetja fólk að svara með fjölda og láta við með staðsetningu fyrir A mót

2. Nótanefnd

Skýrsla frá Karen og Einari: Allt á fullu fyrir ný lög fyrir landsmótin í vor

3. Vefsíðugerð

Einar fór á fundi með Endor, fyrirtæki sem sérhæfa sig í vefsíður fyrir minna fyrirtæki. Þau bjóða:

- uppsetning á nýju vef með öllu sem við höfum talað um
- uppsetning sem hentar í síma (ekki mikið til hlíðar á síðunni)
- Wordpress

Mismunandi aðgang?

En kannski þarf ekki að mismuna.

Málið er einfaldlega hvort þú kaupir partitúr

Svindl?

Búa til ný aðgang á hverju ári

Taka tilboð frá Endor?

- 150.000 kr. vinna til að byrja með
uppsetning og gagnaflutningur
- 50.000 kr. verkefni og þjónusta
- Endir í 251.000 kr. m/vsk.

Við fengum nokkrir sýnishorn til að kíkja á:

<http://www.campervanrental.is/>

<http://www.koparrestaurant.is/>

<http://www.jardboranir.is/>

<http://www.serrano.is/>

<http://www.apartmentrental.is/>

<http://www.jupiter.is/>

Það tekur 2 vikur fyrir þau að klára þetta fyrir okkur.

Þá skulum við nota tækifæri að leiðrétta ýmsa hluti!

Vilborg tilbúin að skoða söguna

Hittumst næst og skoðum vefsíðuna saman.

Ársgjald: Hýsing og þjónusta - 4.190 kr. + vsk. á mánuði

www.sisl.is / sisl@sisl.is er ekki í lagi!

Snorri er að fá aðgang til að ná í nótur

Einar tekur yfir administrator á gamla síðu. Vilborg sendir Einar upplýsingar um það.

4. LÆ

A Harpa gefur skýrslu:

lítur út fyrir það að meira hlutinn heldur áfram

búin að heyra í alla nema 6

ætla að klára um helgina

hægt að klára þetta þegar Ingi kemur heim (12. okt.)

B. Æfingarhelgar: er hægt að vera í Grafarvogi?

Einar athugar

C Tónleikar

í Hörpu:

-Norðurljós: er laus 23. feb. til kl. 18 og kostar 285.000 kr. með lýsing og 1 starfsmann

-Harpahorn: ekki hægt að panta með svona mikið fyrirvara. Þarf að athuga hvað meira er í gangi í húsinu.

En annars staðar?

Vilborg var að kynna LÆ fyrir STS. Hægt að nýta vefsíðu STS.

Tónastöðin til að styrkja til þess að halda tónleikar á flottum stað (100.000 kr.). Þá vantar kannski 1 styrk í viðbót.

Áhyggjur um lítið brass kennslu á landinu (Skólastjórar voru að tjá sig á STS þing)

LÆ þarf að vera sýnilegur

Við þurfum að halda fund um þetta mál!? HERFERÐ!

Auglýsa málmblástur

krakkar og foreldrar

Kastljós

D. Tectonics:

Ungsveit verður líka með í ár – þrúfum að passa upp á að þetta eru sömu krakkar á köflum. Er ekki minni snið á Tectonics í ár? (2 dagar í staðinn fyrir 3)

Næsti fundur: miðv. 16. okt. kl. 9 í Húsaskóla (Grafarvogi)
Munum byrja á því að fara yfir heimasíðunni.

Fundurinn slitinn kl. 10:30

KJS



Stjórnarfundur SÍSL – Fundargerð nr.5, 16. október 2013

- kl. 9:00 í Húsaskóla

Vilborg Jónsóttir, Jóhann Stefánsson, Karen Sturlaugsson og Einar Jónsson. Harpa Jóhannsdóttir og Martin Markvoll voru í síma.

SÍSL átti 30 ára afmæli í gær (15. Október 1983) !! Til hamingju með daginn!

1. Vefsíðan

Forsíðan núna:

Forsíða -- Upplýsingar – Lúðrasveitir – Myndir – Hafðu samband -- Innskráning – (Búa til efni birtist þegar maður skrá sig inn: undir Búa til efni er Að leita að – Á döfinni – Myndasafn – Til sölu) Undir Upplýsingar: um SÍSL – Sagan – Stjórn SÍSL – Lög SÍSL – Fundargerðir – Nótnaútgáfa Svo á hægri hönd: Næsta Landsmót – Á döfinni – Til sölu – Erum að leita að...

Hvernig viljum við sjá þetta?

Umræða um Forsíðu --

1. Facebook link

- Event á facebook síðan okkar
- Deila frá facebook síðu hvers og eins inn á SÍSL facebook síðu
- Event á facebook: er hægt að fá lista?

2. “Fréttir af hljómsveitum“: allir geta skrá

3. Dagatal? → google calendar?

4. Aðgangsorð → kaupa nótur og fá aðgang að calender eða skrifa grein.

EKKI OF FLÓKIÐ!

5. „Sagan“ – Halldór til að uppfæra. Kannski þarf ekki endilega að breytta neitt mikið!

6. Landsmót listi: Einar með á sínu vefsíðu

7. Allar upplýsingar þarf að vera réttar.

8. Loka aðgang ef skólar borga ekki.

9. **SENDA ÚT FYRIRSPURN:** vegna nýs vefsíðu

Svona viljum við skipta þessu:

*Um SÍSL:

Sagan

Stjórn

Lög

Nefndir

Logo

Aðsetur / kt.

Heimilisfang gjaldkera

Fundargerðir – en þarf að skrá sig inn til að sjá

Lúðrasveitir: þarf að uppfæra og hafa allir stjórnendur fyrir alla lúðrasveitir

Skipting á milli sveitir

*Nótnaútgafa

Listi í heild: merkja það sem er hægt að sækja á netinu?

Nótnanefnd

Staðlar

*LÆ

*Landsmót

*Myndir:

-hafa möguleiki að allir megi hlaða inn

-rúllandi myndir – klikka á og opnast album

*Hafðu samband

- fínt að hafa val (eins og núna)

*Innskráning → nótur og fundargerðir

TAKA ÚT:

- „Næsta Landsmót“ á forsíðu

-„á döfinni

-„til sölu“ – má fara á facebook

2. Skipting á milli sveitir: litir

Nemendur eru gulur (með gulu bol) bara einu sinni!

3. Landsmót 2014

A. B mót á Stykkishólmi:

-Stykkishólmur búin að fá skriflegt svar

-300 manns? Mjög takmarkað pláss á Stykkishólmi!

-athuga með gistiheimili?

B. A mót í Grindavík:

-bréf í vinnslu

4. LÆ

Þarf að ýtta eftir Inga með LÆ

5. Nótanefnd

Nótanefndin er beðin um að endurskoða verð fyrir lögin (verð sem við seljum lögin á) Þarf kannski að hækka – jafnvel mikið!

6. Kostnaður vegna landsmótar

Hvað þurfum við að hafa inn í mótsgjald:

Matur

Gisting

Sund

Afþreying

Ball

Bolir (Jói ath. fyrir næsta fund)

Hljóðkerfið

Gjafir

Armbönd

Taka mynd (Karen ath. fyrir næsta fund)

Næsti fundur: miðv. 6. nóv. kl. 9 - símafundur
Förum í gegnum kostnaðir fyrir Landsmót í vor

KJS



Stjórnarfundur SÍSL – Fundargerð nr.6, 6. nóvember 2013

- símafundur

Vilborg Jónsóttir, Jóhann Stefánsson, Einar Jónsson, Martin Markvoll, Harpa Jóhannsdóttir og Karen Sturlaugsson.

1. Landsmót 2014

A. B mót á Stykkishólmi:

1. Gisting:

- Hægt að fá fleiri gistirými: Lionshús og Verkalýðsfélagshús
- Ekki þarf að borga fyrir gisting í skóla segir Martin : en hvað með þrif og klosettpappír?

2. Matur: ekki búin að ákveða verða á mat – en kannski hátt í 6.000 kr. á mann?

3. Bolir: Vilborg bað um tilboð fyrir 800 bolir m/logo að framan og mynda að aftan

*sjá tilboðsblöð hér fyrir neðan

- Henson 994 kr. stk.
- Margt smátt: 875 kr. stk.
- Bros: 749 kr. stk.

****Viðauki:** tölvupóst frá Vilborg 7. 11.13

Nú er ég komin með tilboð frá öllum aðilum í bolina. Þetta eru 3 fyrirtæki Henson, Margt smátt og Bros bolir. Það er ljóst að tilboðið frá Bros bolum er best. Þeir eru líka með blýanta ef við förum þá leiðina. Ég veit auðvitað ekki hvernig þessir bolir eru og ég held að bolirnir frá Henson séu bestir en það skiptir kannski ekki máli í þessu tilviki.

Ég sendi ykkur þessi tilboð.

Ég ætla leggja fram tillögu að litum á þessum landsmótum

A – mót

Gulur

Appelsínugulur

Bleikur

Rauður

B – mót

Ljósgrænn

Dökkgrænn

Ljósblár

Dökkblár

Við erum þá að nota litatóna gulan,rauðan, grænan og bláan

C /D mótið fengið þá aðra liti t.d. fjólublátt, svart, grátt, brúnt

4. Nælur: eigum við að kaupa?
5. Gjafir:
- myndataka: gefa öllum hljómsveitum mynd af hópnum sem gjöf
15.000 kr. + rammar
Þurfum að finna tíma í dagsskrá til að taka mynd.
 - Umsjón: Harpa og Karen**
Væri gott að fá hljómsveit í myndatöku með bolum
 - Hvað með blýantar fyrir alla (í staðinn fyrir nælur?)? (Harpa) **Vilborg ath. í sambandi við bolir**
 - Nótnatöskur? (tau)
6. Móttaka:
- Á einum stað
 - Kassar fyrir hver hljómsveit tilbúinir – með öllu í
 - Bolir afhent strax og taka mynd strax??
7. Sund:
- Hvað eru margir sem komast í einu?
8. Hljóðkerfið:
- Er til á Stykkishólmi
 - 30.000 kr. ??
9. DJ/Ball:
- Martin er búin að tala við einn á staðnum og hann er til. ca. 50.000 kr.
10. Ljós fyrir ball:
- EKKI til á Stykkishólmi – þurfum að leiga einhver staðir frá.
11. Afþreying:
- Martin var búinn að fá tilboð frá Sæferðum fyrir sigling:
 - 1. Særún – sem tekur um 140 um borð í einu:
 - Viking Sushi stutt ferð á kl. 2.300 á barn og fararstjórar fríir
 - 2. Baldur – sem getur tekið allir í einu
 - Þjóða upp á skelveiðina og jafnvel að smakka. Verða 2.000 kr. á barn og fararstjórar fríir.
 - Svolítið langur tími (1 kl. og 20 mín.) – betur að koma þessu í 40 mín.
 - Og svo svolítið dýrt. Kannski hægt að lækka verðið ef styttri ferð.

Við þurfum að hafa mótsgjald tilbúið um mánaðarmót nóv./des. Senda út bréf til allra með upplýsingum: hvenær á að skrá og gjaldið og hvenær á að borga staðfestingugjaldið og hvenær á að borga restin. Og svo gjaldið ef ekki borgað á réttu tíma.

Við ættum að benda stjórnendum á að það eru bara 300 nemendur á Stykkishólmi – en nóg plás í Grindavík.

Martin athugar fyrir næsta fund:

- gisting: er kostnaður?
- matur: kostnaður
- sund: er kostnaður?
- athuga með gistingu fyrir stjórnendum (þeir sem vilja fara á hótél/gistiheimili)
- afþreying: athuga með styttri ferð og lækkað verð
- hljóðkerfið: kostnaður

B. A mót í Grindavík:

- er að athuga hvað mun kostar (gisting o.s.f.)

2. LÆ

Æfingahelgi framundan

Ekki alveg fullt manað: vantar slagverk, t.d.

Hvað með slagverkshljóðfæri? Þarf að tala við Inga.

Laug. kl. 13-16 Guðmundur Óli verður með þeim

Sunn. kl. 11-14 Sectionæfingar: skiptum á milli þeim sem eru á staðnum (Ingi Garðar og Vilborg)

****Viðauki:** tölvupóst frá Vilborgu 11.11.13

Nú er lokið fyrstu helgi í LÆ. Þetta gekk bara vel. Það er nánast búið að manna sveitina. Okkur vantar enn **baritonsax** og **bassaklarinett**. Það skiluðu sér ekki alveg allir svo við eigum eftir að fara betur yfir það og ganga endanlega frá fullri mönnun. Það er reyndar eilífðarvandamál að fá **óþó**. Guðmundur Óli var með æfinguna á laugardag og við Ingi Garðar sáum um grúppur og samæfingu á sunnudag. Næsta æfingahelgi verður 3. – 5. Janúar og þá verður trúlega æft frá föstudegi til sunnudags heila daga. Ég bókaði **Norðurljósa salinn í Hörpu sunnudag 23. Febrúar**, það er samt ekki bindandi bókun ennþá. Ég sé bara ekki í hvað sal við ættum að vera frekar. Andrés í Tónastöðinni er til i að styrkja um 100 þús og svo er spurning hvort við fáum frekari styrki eða hvort við verðum að selja inn til að hafa upp í kostnað. Mér líst ekki nægilega vel á Ráðhúsið aftur. Ef þið eruð með betri hugmyndir látið það endilega koma.

Efnisskráin verður eftirfarandi:

Köld sturta (1999) e. Tryggvi M. Baldvinsson

Kvak e. Össur Geirsson

First Suite for Military Band, Op. 28 nr. 1 e. Gustav Holst

Olympic Fanfare and Theme e. John Williams

Moment for Morricone e. Ennio Morricone (úts. Johan de Meij

Á Sprengisandi e. Sigvaldi Kaldalóns (útsetning PPP

Sigur Rós útsetning af lagi þeirra fyrir lúðrasveit (á eftir að dreifa)

3. C/D mót

Verður á skólaárið 2014-2015

Hvar?

Hversu margir myndi taka þátt?

Setjum saman nefnd sem fyrst:

Einar, Vilborg og Karen hafa áhuga að skoða þetta mál

Senda út fyrirspurn til fleira: Daði, Snorri, Helga Björg, Össur

Harpa sendir tölvupóst til þeirra athuga hvort þau hafa áhuga

3. Vefsíðan

Einar fylgir þessu áfram

Næsti fundur: fimm. 28. nóv. kl. 9 - símafundur

Reynum að ganga frá mótsgjöld

Fundurinn slitinn kl. 11:20

KJS

*Tilboð í bolir

Henson:

Sæl

Í framhaldi af samtali staðfesti eg okkar besta verð á bolum m/merkingum **kr.994m/vsk.**

Verðið miðar við að fjöldi bola væri 800stk. og merking væri í einum lit framan (lítið) og stórt á bak. Það væri okkur ánægja að vinna þetta með ykkur.

Mbk

Halldór/Henson hf

5626464/8922655

Sæl Vilborg

Ef ljóst er með góðum fyrirvara (10-12vikur) hversu marga boli á að panta og hver merkingin verður gætum við boðið betra verð.

Í boðinu var ger ráð fyrir Sol's bolum sem eru franskir og hafa verið að gera mikla lukku.

Mbk

Halldór/Henson hf

5626464/8922655

Sæl Vilborg

Margt smátt:

Hér kemur verð í litaða boli 800 boli

Barnabolur Gildan með tveimur einlituðum merkingu
verð 670 kr stk

Fullorðinsbolur gildan með tveimur einlituðum merkingum
Verð 770 kr stk

Forvinna 2,900 kr

Filma og klisja 2 x 4,500 kr

700 x 670 = 469,000 kr

100 x 770 = 77,000 kr

Forvinna 2,900 kr

Filma 9,000 kr

Samtals **557,900 kr**

25,5% vsk 142,265 kr

Samtals **700,165 kr**

kv Magnús

Verð miðast við gengi 5/11 2013

Kær kveðja / Best regards,

Magnús Ólafsson · Vinnuföt

Margt Smátt ehf.

Guðríðarstíg 6-8 · 113 Reykjavík

Sími/tel: +354 585 3514 · GSM: +354 864 3514

Bros - Gjafaver ehf

Norðlingabraut 14

110 Reykjavík

Kt.: 590593-4949 Vsk-númer: 37888 Sími: 569 9000 Fax: 569 9000

TILBOÐ

Sölumaður Tómas

Greiðsluskilmálar Staðgreiðsla

Tilboð nr. 0000671

Dagsetning 06.11.2013

Vörunr.	Vöruheiti	Magn	Ein.verð	Afsl.%	Upphæð
F61-033-0	Valuweight Toddler T -COLORS	800 STK	510	20	326.400
XSB-1-500+	Silkipr. 1 litur - Stórt merki	800 STK	118	20	75.520
XSA-1-500	+ Silkipr. 1 litur - lítið merki	800 STK	96	20	61.440
XT-20	Filma f. silkiprentun	2 STK	3.900	20	6.240
XSX-10	Prentmót f. silkiprentun	2 STK	2.900	20	4.640
XT-100	Forvinna verks	1 STK	3.900	20	3.120

Upphæð úttektar 477.360

Vsk. upphæð 121.727

Samtals með vsk. 599.087

Stjórnarfundur SÍSL – Fundargerð nr.7, 28. nóvember 2013

- símafundur kl. 9

Vilborg Jónsóttir, Jóhann Stefánsson, Einar Jónsson, Martin Markvoll, Harpa Jóhannsdóttir og Karen Sturlaugsson.

1. Landsmót 2014

A. B mót á Stykkishólmi:

1. Umræða um mótsgjald:

matur	6.000 kr. á mann
sigling	1.500 kr. á mann
DJ	50.000 kr. → 135 kr. á mann
hljóðkerfið	10.000 kr. til að stilla upp
myndir	50.000 kr. → 135 kr. á mann
bolir	750 – 1.000 kr. á mann
blýantir	100 kr. á mann
þókkun – foreldrar	1.000 kr. á mann
ýmislegt	1.000 kr. á mann
SÍSL	2.000 kr. á mann

ljós á ball	150.000 kr.
sendiferðabíll	50.000 kr.
DJ	10.000 kr.

frítt:

skólar
eldhús
sundlaug (fullorðnir þurfa að borga)

mótsblað: stendur undir sig

ÁKVEÐIÐ: mótsgjaldið verður 15.000 kr. á mann

B. Áætlun að borga mótsgjöldin:

*staðfestingagjald og svo restin?

*borga allt?

1. fyrir B mót:

1. feb. : Staðfestingagjald (5.000 kr.)– óafturkræft
1. mars: Restin (10.000 kr.) og nafnalisti og bolastærðir
Hækkun eftir það: þarf að borga 18.000 kr. á mann.

2. fyrir A mót:

1. mars: Staðfestingagjald (5.000 kr.)
1. apríl: Restin (10.000 kr.)
Hækkun eftir það: þarf að borga 18.000 kr. á mann ef ekki búin að borga 1. apríl

C. Bolir:

Af því að við erum að halda sitt hvoru mót (A og B), væri gaman að hafa fleiri litur - ekki alltaf gulur, rauður, grænn og blár á báðum mótum

A: Gulur, appelsínugulur, bleikur, rauður

B: Ljósgrænn, dökkgrænn, ljósblár og dökkblár

En þá þurfum við að panta tímanlega!!! Það þarf að sérpanta svona lítir.

Slagverk og fullorðin: svart?

Sér litur fyrir þau sem eru að halda mótið? Væri það gott að merkja heimafólkið betur?

D. Fararstjórar

B-mót . mæla með 1 fararstjóri á hverju 7

A-mót: mæla með 1 á móti 5

E. Þurfum að auglýsa:

-fjöldatakmörk á B-móti á Stykkishólmi (300 krakkar)

-Skipting í A og B (útskýringar eru á heimasíðu)

- A mót

F. Skráning:

-eigum við að nota skjalið (sem Össur hannaði) fyrir skráning á Landsmót?

-þarf að bæta við dálk til að panta stærð á bol

G. Bolir

-Vilborg: ath. stærðir fyrir bolir

- panta bolir fyrir mótshaldara?

-400 bolir fyrir B-mót

-Fararstjórar fá bolalit fyrir sveit sem þau flygja

-mynd á bak á bolir? Martin ath.

Næsti fundur:

Væri gaman að fá fund saman – ekki símafundur

Ákveða stjórnendur – svo þau hafa tíma til að finna auka lög í hverju sveit.

3.-5. jan. (helgi hjá LÆ) – halda fund á meðan þau eru að æfa

FUNDUR: laug. 4. jan. kl. 17 og svo matur hjá Einari

Símafundur með Ingu í Grindavík: þrið. 3. des. kl. 10.

Fundur slitinn kl. 10

Stjórnarfundur SÍSL – Fundargerð nr.8, 3. desember 2013

- símafundur kl. 10

Vilborg Jónsóttir, Inga Þorðardóttir og Karen Sturlaugsson.

1. Landsmót 2014

A. A mót í Grindavík:

1. Matur:

*Salthús kokkur: tilbúinn að gera þetta fyrir 1.300 kr. á mann á máltíð + morgunmatur + kaffi

2. Sund frítt

3. Gisti og æfingastaðir fráteknir

Er samt að athuga með þrif – ef og hvað það myndir kostar

4. Afþreying: hugmyndir

Ball – Hljóðkerfi??

Leikir

Diskótek

Allir koma með atriði

Trúbador

Hóki póki

töframaður

5. Bolir: mynd ?

6. gjafir: - taka mynd – afhenda á sunnudaginn

-allir fá blýantur

7. morgunmatur:

8. kaffi fyrir farastjórar og stjórnendur

Fundur í janúar – reyna að negla mótsgjald þá

Karen: ath. með Skólamat – Axel Jónsson

Fundurinn slitinn kl. 11:20

Næsti fundur miðv. 22. jan. kl. 10